

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Svar við fyrirspurn um áhættumat vegna tillögu um sniðgöngu á ísraelskum vörum

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 21. sept sl. lagði fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina fram eftirfarandi fyrirspurn:

Fulltrúi Framsóknarflokks og flugvallarvina óskar eftir upplýsingum um hvort Reykjavíkurborg gerði áhættumat vegna áhrifa viðskiptabanns á Ísrael á íslensk fyrirtæki og vegna kaupa á læknisvörum frá Ísrael áður en ákvörðun um bannið var tekin. Ef áhættumat var gert þá er hér með óskað eftir afriti af því mati. Ef Reykjavíkurborg lét ekki vinna áhættumat er óskað eftir rökstuddu svari af hverju það var ekki gert í ljósi hagsmuna landsins.

Svar:

Áhættumat var ekki unnið áður en tillaga Bjarkar Vilhelmsdóttur var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 15. september sl. enda fól tillagan í sér að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara yrði falið, í samvinnu við innkaupadeild, að undirbúa og útfæra sniðgöngu Reykjavíkurborgar á ísraelskum vörum meðan hernám Ísraelsríkis á landsvæði Palestínnumanna varir.

Helga Björg Ragnarsdóttir
skrifstofustjóri borgarstjóra og borgarritara